

2/18. /D. 37

Ljóssins borg.

Jafnvel fjölfarnasta gata Reykjavíkur, Corso höfuðstaðarins, hefir annað til síns ágætis meir, en ljósadýrð, og má því búast við, að ýmsum kunni í fyrstu að koma heldur undalega fyrir sjónir sú frétt, að nú sé farið að kalla Reykjavík ljjóssins borg, einsog gert hefir ágætur Englendingur, Mr. Adam Rutherford, í nýútkominni bók sinni um Ísland. En að vísu er barna átt við andlegt ljós, sem höfunduirnn kennir við alt Ísland, þó að einkum skini það frá Reykjavík, og telur ekki minna um vert en svo, að i því ljósi muni allar þjóðir ganga áður lýkur. Eg hefi sagt itarlega frá bók þessari, sem heitir Icelands great Inheritance, í 40 tbl. Fálkans, dags. 2. okt., en ekki hefir neitt annað íslenskt blað á hana minst, svo eg viti til, og eru það þó engar ýkjur, að bókin er stórmerkileg. Hygg eg að viða mundi hafa verið á það minst, ef íslenska þjóðin hefði einhversstaðar verið til hálfss smánuð við það sem hún er lofuð í þessu riti Ruther-

fords; en slikt lof er óendenanlega miklu þýðingarmeira en nokkurt last. Auðsaett er, að nokkur andlegur skyldleiki muni vera með þessum ágæta Íslands vini og landa hans William Morris, sem í frægu kvæði hefir af svo undursamlegri andagift spáð um framtíð Íslands. Er sú spá engu síður aðdáanleg fyrir því, þó að ekki sé þess þar getið, að eitthvað kynni að koma fram hér, í aett við Loka, til að tefja fyrir komu Baldurs. Íslenska þjóðin getur ekki minna gert til þess að þakka þessum mikla spámanni og Íslendingavini, en að kaupa bók hans, og er það auðvelt, því að þó að efnið sé hið stórkostlegasta, þá er fyriferðin lítil og verðið mjög lágt. Grein þessi í Fálkanum sem eg gat um, aetti að geta orðið mönnum talsverð hjálp til að lesa bókina og skilja til fulls. En án slikrar hjálpar er nokkur hætta á, að lesandanum geti orðið um of starsýnt á það sem er einungis aukaatriði í þessu máli.

10. okt.

Helgi Pjeturss.